

26. JANÚAR
2023

HARPA
ELDBORG

Flekaskil

TÓNLEIKAR Á
MYRKUM MÚSÍKDÖGUM



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

MAR 13'

HÚN RÓAR MIG, ENDURTEKNINGIN 15'

PONS PAPILLOMA 9'

FLEKAR 15'

CAPRICCIO 14'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Flekaskil

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Nathanaël Iselin

Hljómsveitarstjóri

Áskell Másson

Vera Panitch

Bryndís Halla Gylfadóttir

Grímur Helgason

Einleikarar

Kjartan Ólafsson

Mar (2021, frumflutningur)

Haukur Tómasson

Hún róar mig, endurtekningin (2018, frumflutningur)

I. Innsetning

II. Punktar, línur, kúrvur

III. Óendanleiki

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir

Pons papilloma (2021, frumflutningur)

HIÉ

Gunnar Andreas Kristinsson

Flekar (2019 - endurskoðað 2021)

Áskell Másson

Capriccio (2015 - endurskoðað 2021)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Nathanaël Iselin

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Hann er aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Árósa og hlaut í fyrra fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula-hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi.

Iselin lærði hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki og Jorma Panula. Iselin er einnig slagverksleikari og hefur meðal annars leikið með Ensemble Intercontemporain og Óperuhljómsveitinni í Limoges.

Á síðasta starfsári stjórnaði Iselin meðal annars Þjóðarhljómsveitinni í Montpellier og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti í Finnlandi. Árið 2019 stjórnaði hann Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar á sérstökum hátíðartónleikum fyrir Margréti Þórhildi Danadrottningu.

Nathanaël Iselin er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022 – 23 en honum bauðst staðan í kjölfar páskatónleika hljómsveitarinnar sem hann stýrði vorið 2022.



Áskell Másson (f. 1953) er á meðal fremstu og afkastamestu tónskálda þjóðarinnar. Eftir hann liggja hátt í þrjúhundruð tónverk, þar af fjórar sínfóníur, nítján einleikskonserter, verk fyrir fjölbreytilega kammerhópa og einleikshljóðfæri, leikhústónlist, sönglög, óratoría og ein ópera. Verk hans hafa hljómað í virtustu tónleikasölum heims í flutningi framúrskarandi flytjenda og sínfóníuhljómsveitir um heim allan hafa flutt verk hans. Slagverkstónlist hans hefur vakið alþjóðlega athygli, er kennd í tónlistarháskólum víða um heim og hljómar gjarnan í alþjóðlegum tónlistarkeppnum en hann hefur verið nefndur brautryðjandi á sviði slagverkstónlistar og verið heiðraður sem slíkur.

Á táningsárum kviknaði áhugi Áskells á tónlist fjarlægra menningarheima. Fjölbreytilegur hljóðheimur slagverksins heillaði hann sérstaklega og upp úr því varð ekki aftur snúið. Hann er að mestu sjálfmenntaður slagverksleikari, stundaði þó um skeið nám við Tónlistarskólann í Reykjavík en hefur mótað sinn eigin stíl og aðferðir líkt og við fáum að njóta hér í kvöld. Áskell hefur komið fram í alls kyns samhengi sem slagverksleikari, flutt eigin verk og í samstarfi við aðra víða um heim, en þetta er í fyrsta sinn sem hann stígur á svið sem einleikari með Sínfóníuhljómsveit Íslands.



Vera Panitch er fædd í Kaupamannahöfn árið 1993 og hóf fiðlunám fimm ára gömul hjá rússneska fiðluleikaranum Arkadi Zelianodjevo. Árið 2005 hélt hún til Seattle þar sem hún lærði hjá Yuriy Mikhlin og fimmtán ára hlaut hún inngöngu í Konunglegu dönsku tónlistarkonservatoríuna þaðan sem hún brautskráðist með hæstu einkunn. Þar naut hún leiðsagnar Alexandre Zapolski en að auki hefur Vera sótt fjölmarga masterklassa og námskeið hjá heimsþekktum fiðluleikurum á borð við Boris Kuschmir, Gerhard Schultz, Nataliu Prischepenko og Noah Bendix-Balgley, konsertmeistara Berlínarfílharmóníunnar.

Vera hefur komið margoft fram sem einleikari, m.a. ásamt Dönsku kammersveitinni, Sínfóníuhljómsveitinni í Óðinsvéum, Kammersveit Reykjavíkur og Sínfóníuhljómsveit Íslands. Hún skipar ásamt Steineyju Sigurðardóttur verðlaunadúettinn Dúó Eddu og er einn liðsmanna í Kordo kvartettnum en hefur að auki tekið þátt í fjölbreytilegum tónlistarverkefnum þvert á stíla og strauma. Vera hefur leikið með Sínfóníuhljómsveitinni frá árinu 2016 og gegnir nú stöðu annars konsertmeistara. Hún hefur unnið til fjölmargra verðlauna fyrir fiðluleik sinn, í Danmörku og víðar.



Bryndís Halla Gyldadóttir hóf sellónám sex ára að aldri. Eftir nám við hina ýmsu tónlistarskóla á Íslandi og í Kanada lauk hún einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Hún hélt í kjölfarið til Bandaríkjanna í framhaldsnám við New England Conservatory of Music í Boston. Bryndís útskrifaðist þaðan með bakkalágráðu árið 1987 og meistaraþráðu árið 1989. Kennarar hennar við skólann voru Colin Carr og Laurence Lesser.

Auk náms við NEC tók Bryndís þátt í ýmsum tónlistarhátíðum vestanhafs, m.a. í Banff Centre for Arts og hinni virtu Tanglewood Music Center hátíð. Að námi loknu tók Bryndís við stöðu leiðandi sellóleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands, stöðu sem hún gegndi til ársins 2014.

Bryndís hefur komið fram sem einleikari og kammermúsikant á Íslandi sem og erlendis og fjölmargar hljóðritanir hafa að geyma leik hennar. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir sellóleik sinn og má þar nefna Íslensku tónlistarverðlaunin, sem hún hefur hlotið í þrjúgang, Tónvakaverðlaun Ríkisútvarpsins og síðast en ekki síst riddarakross íslensku fálkaorðunnar árið 2011 fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar.



Grímur Helgason hefur komið nokkuð víða við í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár sem kammertónlistarmaður, hljómsveitarspilari og flytjandi nútímatónlistar. Hann nam klarinettuleik hjá Sigurði I. Snorrasyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík og hjá Einari Jóhannessyni í Listaháskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist árið 2007. Við námslok hlaut hann brautargengi í keppninni Ungum einleikurum og hlotnaðist styrkur úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen.

Á námsárum sínum var Grímur jafnframt einn stofnfélaga Kammersveitarinnar Ísafoldar. Hann nam ennfremur við Conservatorium van Amsterdam hjá Hans Colbers og lauk þaðan M. Mus prófi vorið 2011. Meðal hljómsveita og tónlistarhópa sem hann hefur leikið með undanfarin ár má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput, Stirni ensemble, Kúbus og Kammersveit Reykjavíkur auk samstarfs við fjölbreyttan hóp tónskálda og annarra framsækinnna tónlistarmanna.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er heimsfrumflutningur verksins.

Kjartan Ólafsson (f. 1958) lauk tónsmíðaprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984, nam raftónlist um tveggja ára skeið í Hollandi og stundaði á árunum 1986 – 1995 tónsmíðanám hjá þeim Einojuhani Rautavaara og Paavo Heininen við Síbelíusarakademiuna í Finnlandi en þaðan lauk hann doktorsgráðu í tónlist. Verkaskrá Kjartans hefur að geyma um 200 tónsmíðar fyrir ólíka hljóðfærahópa og hljóðheima; kammersveitir, einleikshljóðfæri, raddverk, óperur, sinfónísk verk, leikhústónlist af ýmsum toga, raftónlist og poppsmelli. Frá árinu 1988 hefur Kjartan unnið að hönnun og þróun tónsmíðaforritsins CALMUS sem byggir m.a. á gervigreindartækni og er hannað sérstaklega fyrir nútímatónsmíðar og rannsóknir. Tónlist Kjartans hefur verið flutt á tónlistarhátíðum um heim allan og gefin út á plötum og streymisveitum.

Hljómsveitarverkið **Mar** var samið yfir fimm ára tímabil, á árunum 2016 til 2021. Verkið er tileinkað minningu finnska tónskáldsins Einojuhani Rautavaara sem lést árið 2016, um það leyti sem Kjartan var að hefjast handa við samningu þess. Rautavaara var ekki einungis eitt eftirsóttasta tónskáld Finna á seinni hluta 20. aldar heldur einnig áhrifaríkur kennari sem hafði djúpstæð áhrif á nemendur sína. Hann hvatti þá til að þróa sig áfram, prófa nýja hluti og finna sína rödd auk þess að miðla ríkulega af reynslubrunni sínum í hljómsveitarskrifum og margvíslegum tónsmíðaaðferðum en Kjartan segist hafa hugsað mikið til síns gamla lærimeistara í gegnum tónsmíðaferlið allt og til þeirra aðferða sem hann nam af honum.

Mar er fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit, frjálst og lausbeislað í formi og mætti jafnvel kalla fantasíu. „Ég vildi skapa hreyfingu, bylgjuhreyfingu, kannski segja megri að þetta sé bylgjuskotið lítaferðalag,“ segir Kjartan sjálfur en líkt og titillinn gefur til kynna er hafið yrkisefnið, tónskáldið nýtir sér ólíkar tónsmíðaaðferðir í því skyni að magna upp hvers kyns bylgjuhreyfingar, gárur, brimsjó og öldutoppa, með örum styrkleikabreytingum, yfirtónaröðum og ríkulegum litbrigðum í röddum þessa blæbrigðaríka hljóðfæris sem sinfóníuhljómsveitin er.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er heimsfrum-
flutningur verksins.

Haukur Tómasson (f. 1960) hefur um árabil verið eitt virtasta tónskáld Norðurlandanna en hann hlaut hin eftirsóttu Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir kammeróperu sína *Fjórði söngur Guðrúnar*. Haukur stundaði tónlistarnám í Reykjavík, Köln, Amsterdam og lauk mastersprófi frá Kaliforníuháskóla í San Diego. Verkaskrá hans hefur að geyma tónlist af ýmsum toga, kammertónlist og kórverk, einsöngslög, stór hljómsveitarverk og einleikskonserta sem hljómað hafa á tónlistarhátíðum víða um heim og í flutningi heimsþekktara hljómsveita á borð við Fílharmóníusveit Los Angeles og Elbfílharmóníuna í Hamborg.

Hún róar mig, endurtekningin er tilvitnun í japönsku myndlistarkonuna Yayoi Kusama (f. 1929) en þráhyggjukenndar endurtekningar eru eitt helsta einkenni listakonunnar og myndlistar hennar. Hljómsveitarverk Hauks sækir innblástur í myndlist Kusama sem hann kveðst hafa orðið fyrir djúpstæðum áhrifum af.

Hljómsveitarverkið er í þremur þáttum og hver og einn þeirra samsvarar ákveðnum flokki verka Yayoi Kusama. Sá fyrsti innblásinn af innsetningum þar sem rými er fyllt með doppóttum totum svo það umbreytist í töfrandi en á sama tíma annarlega veröld. Annar þátturinn, *Punktur, línur, kúrfur*, tengist tússteikningum Kusama þar sem síendurtekin mótív og mynstur svo sem augu, skordýr, punktar eða línur þekja hvíta örkina. Þriðji kaflinn, *Óendanleiki*, er innblásinn af mögnuðum innsetningum Kusama sem nefnast Infinity Rooms; myrkvað rými fullt af lituðum ljósum og speglum sem minnir á yfirþyrmandi viðáttur himingeimsins.

Ytri þættir verksins eru kyrrstæðir en millikaflinn einkennist af meiri spennu þar sem hljóðheimurinn er þurrari. Litríkur heimur Kusama endurómar annars í litadýrð sínfóníu-hljómsveitarinnar, ekki síst í síðasta þættinum þar sem stjörnuþjart slagverkið svífur yfir fljótandi strengjum. Unnið er með endurtekninguna verkið á enda, hendingar og rytmi, slaufur og sveiflur sem mynda mögulega hugrenningatengsl við þráhyggjukenndar blekteikningar á hvítri örk.

Myndlist hefur orðið Hauki kveikja að fleiri verkum, skemmst er að minnast hljómsveitarverks hans *Jörð mistur himinn* sem flutt var af Sí fyrir rétttri viku en áttaviti þess verks er myndlist Georgs Guðna. Eldra dæmi er svo *Moldarljós* (2011), sem Haukur vann ásamt myndlistarmanninum Eggerti Péturssyni.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Um heimsfrumflutning
verksins er að ræða.

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir (f. 1990) nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands á árunum 2013 til 2016 hjá Hróðmari I. Sigurbjörnssyni. Að útskrift lokinni hélt hún til Englands í sex mánaða starfsnám hjá Önnu Þorvaldsdóttur.

Ingibjörg hefur unnið með leikurum, sviðshöfundum, leik-, dans- og kammerhópum, kórum og kvikmyndagerðarmönnum. Hún skipar ásamt Ingibjörgu Fríðu Helgadóttur tónlistardúettinn Ingibjargir og er meðlimur í listhópnum Hlökk ásamt þeim Lilju Maríu Ásmundsdóttur og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur. Verk hennar hafa verið flutt af tónlistarhópum á borð við Strokkvartettinn Sigga og Kammersveit Reykjavíkur, og á tónlistarhátíðum svo sem Myrkum músíkdögum og Norrænum tónlistardögum. Ingibjörg samdi tónlistina við Fuglabjargið, tónleikhúsverk fyrir börn, sem sýnt var í Borgarleikhúsinu. Hún hefur unnið til Kraumsverðlauna og var árið 2019 útnefnd bjartasta vonin í flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Pons papilloma er samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Daníels Bjarnasonar. Til stóð að verkið yrði frumflutt á Myrkum músíkdögum árið 2021 en vegna heimsfaraldurs frestaðist flutningur þess í tvígang.

Pons papilloma er að sögn tónskáldsins kortlagning og úrvinnsla úr persónulegu áfalli. Titillinn felur í sér áfallið sem unnið er úr; pons þýðir heilastofn og papilloma vísar til heilaæxlis af plexus papilloma gerð. Að lokinni heilaskurðaðgerð, þar sem æxli sem hreiðrað hefur um sig við heilastofn er fjarlæggt, glímir manneskja við aukaverkanir á meðan heilinn er að lagast breyttum veruleika. Við taka síendurtekin svimaköst, miklar sjóntruflanir og yfirþyrmandi jafnvægisleysi. Jörð skelfur í aðdraganda eldgoss á Reykjanesi sem veldur enn meiri ringulreið, var svimakastið kannski jarðskjálfti?

Verk Ingibjargar dregur á óvæginn hátt fram þetta myrka ástand, yfirbragðið gróteskt og skrykkjótt, örar hraða-breytingar, jafnvægisleysi og ókyrrð, undir kraumar ágeng spenna sem minnir óþyrmilega á þær ófyrirséðu náttúruhamfarir sem geta heltekið líf okkar.

Pons papilloma er annað hljómsveitarverk Ingibjargar en á Myrkum músíkdögum árið 2019 frumflutti Sinfóníuhljómsveit Íslands verk hennar *O* sem hluta af YRKJU IV, vinnustofu SÍ og Tónverkamiðstöðvar. Verkið var sent fyrir hönd RÚV á Alþjóðlega tónskáldabingíð Róstrum í Argentínu árið 2019.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Flekar var frumflutt árið 2019 á Siglufirði en hljómar hér í endurskoðaðri útgáfu.

Gunnar Andreas Kristinsson (f.1976) stundaði nám við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík á árunum 1997–2001 og voru hans helstu kennarar þar Kjartan Ólafsson og Atli Heimir Sveinsson. Á þessu tímabili var hann skiptinemi í einn vetur við Tónlistarháskólann í Köln þar sem að Krzyztof Meyer kenndi honum tónsmíðar. Þá stundaði hann nám við Konunglega tónlistarháskólann í Haag hjá Martijn Padding, Diderik Wagenaar og Clarence Barlow, og lauk þaðan meistaragráðu sumarið 2004. Verk Gunnars hafa verið leikin víða um heim, meðal annars af Nieuw ensemble, Kammersveit Reykjavíkur, Nordic Affect og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómdiskur með verkum Gunnars, Patterns, hlaut Kraumsverðlaunin árið 2013 og verkið Arma Virumque Cano var valið til flutnings á ISCM World Music Days árið 2014.

Um verkið segir Gunnar Andreas:

„**Flekar** er samsett úr tónmössum sem mætast eða skarast líkt og jarðflekar, með tilheyrandi núningi og spennumyndun. Efniviður verksins á rætur sínar að rekja til yfirtónaraðarinnar – einn eða fleiri grunntónar og náttúrulegir yfirtónar þeirra eru ávallt til staðar, leynt eða ljóst. Verkið var samið að beiðni Gunnsteins Ólafssonar vorið 2019 fyrir Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og frumflutt á Þjóðlagahátíð á Siglufirði sama ár en hljómar nú í fyrsta sinn í endurbættri útgáfu fyrir fullskipaða símfóníuhljómsveit.“



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Capriccio var upphaflega frumflutt árið 2017 í Hofi á Akureyri af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Petri Sakari en hljómar á þessum tónleikum í glænýrri og endurskoðaðri mynd og er því um heimsfrumflutning þeirrar gerðar verksins að ræða.

Capriccio eftir **Áskel Másson** er konsert fyrir darabúku og símfóníuhljómsveit og í einleikshlutverki er tónskáldið sjálft. Áskell hefur náð meistaralegum tókum á darabúku og þróað sína eigin tækni á þetta heillandi hljóðfæri sem á uppruna sinn í Tyrklandi og Austurlöndum nær. Tækni Áskels tekur þó fremur mið af vestrænni tónhugsun, hljóðheimi og venjum fremur en þeirri austrænu sem hljóðfærið sprettur upp úr. Áskell hefur samið fjölmörg verk fyrir darabúku og alls kyns hljóðfærasamsetningar en hér er um fyrsta konsertinn að ræða.

Eins og titillinn gefur til kynna er yfirbragð verksins létt og leikandi. Heitið *Capriccio* hefur í aldanna rás verið notað um tónverk sem eru líflæg, yfirleitt stutt og oft virtúósisk. Hér fær darabúkan að láta í ljós sitt skína í öllum sínum margbreytileika en ein af kveikjum verksins er að sögn Áskels í raun að kynna hljóðfærið og möguleika þess fyrir hlustendum. Konsertar fyrir darabúku og símfóníuhljómsveit eru svo sannarlega ekki á hverju strái og að öllum líkindum er þetta verk eitt sinnar tegundar í heiminum. Með darabúkunni eru þrjú lagræn hljóðfæri í burðarhlutverkum; fiðlu-, selló- og klarínnett-leikarar eru nokkurs konar meðeinleikarar, sem leiðir hugann að vinsælu konsertaformi barokktímans, concerto grosso, þar sem lítill hljóðfærahópur gegndi hlutverkum einleikara.

Darabúkan sem hér er leikið á var sérsmíðuð fyrir Áskel í Jerúsalem, búkurinn úr níðþungu steypuefni og skinnið úr grófu fiskiroði. Spilatækni darabúkuleikara er almennt á þá leið að hljóðfæraleikarinn heldur á trommunni undir hendinni, hér situr einleikarinn hins vegar á uppháum kontrabassastól við darabúkuna sem hefur verið komið fyrir á statifi. Með því móti eru allir tíu fingur einleikarans frjálsir til að kalla fram hljóðvefinn en hljóðfæratæknin, sem Áskell hefur þróað, snýst um að spila fyrst og fremst með fingrunum á darabúkuna fremur en að slá á hana eins og yfirleitt tíðkast.

Í glæsilegri einleikskadensu sem hljómar eftir miðbik verksins má vel heyra þann litríka hljóðheim sem tíu fingur ná að galdra fram úr einni trommu; eftir kadensuna skiptir einleikarinn um hljóðfæri og leikur á tyrkneska darabúku, smærri og með plastskinn þar sem hvert einasta smáatriði heyrir. Jafnframt má nefna að í verkinu hljómar hið sjaldgæfa hljómborðshljóðfæri alúfónn sem leikið verður á af slagverksleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Alúfónn er sambærilegt við marimbu og sílófón, en nýrra af nálinni og er búið til úr sérstökum álkeilum sem gerir að verkum að tónninn er opinn og langlífur.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Á döfinni

27.01 FÖSTUDAGUR
Kl. 12:15



Hringla

Á þessum hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum í ár hljóma verk eftir Bárnu Gísladóttur, en Bárna hefur vakið verulega athygli undanfarin ár fyrir frumlegar tónsmíðar sínar og hlotið fjölda viðurkenninga. Hugmyndin að verkinu VAPE spratt út frá árás sem fimm menn gerðu með taugagasinu sarin í neðanjarðarlestarkefni Tókýó-borgar árið 1995, og er hljómsveitinni skipt í fimm hópa. *Hringla* er verk fyrir hljómsveit, rafmagnaðan kontrabassa og rafhljóð sem Bárna frumflutti sjálf ásamt Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar í febrúar 2022, sem nýr vinningshafi Gladsaxe-tónlistarverðlaunanna. Upphafsværk tónleikanna er einleiksverkið „*her palms faced down forever after*“, einleiksverk fyrir kontrabassa sem tónskáldið leikur sjálf á tónleikunum.

02.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Osmo og Erin

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä er heiðursstjórnanndi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann er íslenskum áheyrendum að góðu kunnur síðan hann var aðalstjórnanndi hljómsveitarinnar á árunum 1993-96 og frá 2011 hefur hann komið árlega til þess að stjórna hljómsveitinni.

Tónleikarnir hefjast á forleik eftir Osmo sjálfan, en auk þess að vera hljómsveitarstjóri er hann einnig klarinettuleikari og tónskáld. Verkið samdi hann sérstaklega sem nokkurs konar fylgirödd við fiðlukonsert Kurts Weill, sem hljómar einnig á tónleikunum, áður en hljómsveitin flytur hina glæsilegu þriðju sínfóníu eftir Felix Mendelssohn. Einleikari er bandaríski fiðluleikarinn Erin Keefe, en hún gegnir stöðu konsertmeistara í Sinfóníuhljómsveitinni í Minnesota.

09.02 FIMMTUDAGUR
KL.20:00



Á ferð og flugi

Á þessum klukkustundarlöngu tónleikum í Grænu röðinni gefst áheyrendum tækifæri til þess að sitja kyrrir á sama stað en vera samt að ferðast – bæði aftur í tímann og út í geim. Meðal verka á efnisskrá er hinn frægi inngöngumars Händels, *The Arrival of the Queen of Sheba* og *Söngvar förusveins* eftir Mahler. Þá hljómar *Asteroid 4179: Toutatis* eftir Kaiju Saariaho og lokakafinn í einu mikilfenglegasta hljómsveitarverki Debussys, *La mer*, en verkið er eins konar sífónía um hafið, vindinn og öldurnar.

Einsöngvari er Jóhann Kristinsson sem hefur getið sér gott orð, bæði sem ljóða- og óperusöngvari hér heima og erlendis. Jóhann kom fram á Vínartónleikum hljómsveitarinnar í upphafi árs við afar góðar undirtektir.

23.02 FIMMTUDAGUR
KL.19:30



Hough leikur Rakhmanínov

Hinn heimsþekkti píanóleikari, Stephen Hough, kemur nú í annað sinn á starfsárinu fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands en samstarf hans við hljómsveitina heldur svo áfram á tónleikaferð um Bretland í apríl. Hann leikur nú hinn tilfinningaþrungna píanókonsert nr. 2 eftir Sergej Rakhmanínov en Hough hefur m.a. hljóðritað alla píanókonserta tónskáldsins með Sinfóníuhljómsveitinni í Dallas.

Árið 1900 var Rakhmanínov niðurbrotinn maður eftir að frumflutningurinn á fyrstu sífóníu hans hafði misheppnast og verkið fallið í grýttan jarðveg. Hann lagðist í þunglyndi, missti allt sjálfstraust og var ófær um að koma einni einustu nótu á blað. Með óvenjulegri blöndu samtals- og dáleiðslumeðferðar tókst landa hans, Nicolai Dahl, að kveikja hjá Rakhmanínov kjark og sjálfstraust svo til varð nýtt verk, píanókonsert nr. 2. Konsertinum, sem tónskáldið tileinkaði Dahl, var fagnað ákaflega við frumflutninginn og hefur hann æ síðan verið meðal dádustu píanókonserta tónlistarsögunnar. Þá verður einnig flutt 10. sífónía Dmitríjs Shostakovitsj undri stjórn Kornilios Michailidis.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Emma Steele
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Kateryna Mysechko
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Urh Mrak
Hjörtur Eggertsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Abel Pérez Armas

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Mathias Halvorsen

Celesta

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring